

Stj.tíð. B, nr. 283/1988.

Auglýsing
um friðlýsingu Geitlands í Borgarfirði.

Að tillögu hreppsnefnda Hálsahrepps og Reykholtisdalshrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa afréttin Geitland, sem er eign fyrrnefndra hreppa. Geitland er friðland samkvæmt 24. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971.

Mörk friðlandsins eru eftirfarandi: Geitland takmarkast af Hvítá að norðan, Geitá að vestan og Langjökli að sunnan og austan, í samræmi við við landamerkjabréf dags. 21. október 1921. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi uppdráttar.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins næstu 10 árin a. m. k.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.
4. Öllum er heimil för um friðlandið, enda sé góðrar umgengni gætt.
5. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Reglur um beit búfjár innan friðlandsins verða endurskoðaðar að 10 árum liðnum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 3. júní 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson

Runólfur Þórarinsson